

Reykholtskirkja

Fornleifarannsókn 2003.



Guðrún Sveinbjarnardóttir og Hildur Gestsdóttir

Þjóðminjasafn Íslands

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2004



Ljósmynd á forsíðu: Kirkjutóftin í lok uppgrftar 2003. (Oscar Aldred).

© Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifastofnun Íslands 2003

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1. Aðdragandi rannsóknar kirkjugrunnsins.....	3
2. Uppgröftur 2003 – aðferðir	5
3. Niðurstöður uppgrافتar.....	7
3.1. Stig 1. Nútíma minjar; eftir um 1920.....	7
3.2. Stig 2. Hrun kirkju; lok 19. aldar - 1920.....	9
3.3. Stig 3. Eftir að hætt var að nota kirkjuna; eftir 1886	11
3.4. Stig 4. Kirkjan 1835-1886.....	13
3.4.1. Stig 4a. Yngra gólf kirkju	13
3.4.2. Stig 4b. Eldra gólf kirkju	15
3.5. Stig 5. Fyrir 1835.	17
4. Gripir.....	17
4.1. Samantekt um gripi	20
5. Mannabein.....	21
5.1. Aðferðafræði	21
5.2. Niðurstöður	21
6. Niðurstöður – frekari rannsóknir	22
Heimildir/Bibliography	24
Viðauki 1. Einingaskrá.....	26
Viðauki 2. Fundaskrá	30
Viðauki 3. Myndaskrá – stafrænar myndir	40

1. Inngangur

Sú kirkja sem stendur í kirkjugarðinum í Reykholti og búið er að færa í sitt upprunalega horf var byggð á árunum 1886-87. Fram að þeim tíma stóð kirkjan aðeins sunnar í garðinum. Vel sá móta fyrir grunni hennar á yfirborði þegar uppgröftur hófst árið 2002. Auk þess hafði fjarkönnun tvívegis leitt útlínur hennar í ljós, fyrst árið 1993¹ og svo aftur árið 2001², þegar viðnáms- og segulmælingum var beitt til undirbúnings fyrir uppgröft þann sem þessi skýrsla fjallar um. Mismunandi tækni var beitt við fjarkannanirnar og niðurstöður voru ekki þær sömu. Mismunurinn fólst í túlkun útveggja. Í fyrri könnuninni var talið að merki mætti sjá um tvö byggingarskeið þar sem það eldra var af mun stærri byggingu. Í þeirri seinni var talið að útlínurnar sýndu ytri og innri hleðslubrúnir einnar byggingar. Seinni könnunin leiddi einnig í ljós merki um fleiri minjar í kirkjugarðinum, þar með talið það sem túlkað var sem hugsanleg mörk gamla kirkjugarðsins. Sú túlkun reyndist ekki vera að öllu leyti rétt. Leifar suðurhliðar garðsins fundust sumarið 2002 nokkurn veginn á þeim stað sem fjarkönnunin benti til³ en norðurmörk hans fundust undir kirkjunni sem byggð var 1886-87 þegar ný undirstaða var gerð undir hana haustið 2001, eða nokkru norðar en fjarkönnunin gaf til kynna.

Kirkju er fyrst getið í Reykholti í máldaga sem talinn er vera frá 1185 eða fyrr⁴. Líklega hefur kirkja þó verið reist í Reykholti mun fyrr. Til þess bendir m.a. sú staðreynd að Reykholt er orðið kirkjumíðstöð, svonefndur *staður* þegar árið 1118⁵.

Reykholt er ekki landnámsjörð ef marka má ritheimildir. Bærinn var byggður í landi Breiðabólstaðar, landnámsbæjarins sem stendur aðeins austar, en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var. Reykholt mun fljótlega hafa tekið við forystuhlutverki í héraðinu og samkvæmt fyrrgreindum máldaga tilheyrði Breiðabólstaður Reykholti þegar á 12. öld. Elstu minjar sem fundist hafa við fornleifarannsóknirnar á bæjarstæðinu eru ruslahaugur sem tímasettur hefur verið til 9. eða 10. aldar⁶, tréútskurður sem fannst efst í

¹ Kirkjugarðurinn í Reykholti 1995.

² Horsley 2002.

³ Guðrún Sveinbjarnardóttir 2003.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn 1, bls. 279-280.

⁵ Helgi Þorláksson 2000.

⁶ Bréf frá Dr G. Cook, SUERC Radiocarbon Dating Laboratory, Skotlandi.

honum og hefur verið tímasettur stílfraeðilega til 10. eða 11. aldar⁷, og kolað bygg, sem fannst í eldstæði og hefur verið tímasett á bilið frá 10. til 12. aldar⁸.

Ein af þeim rannsóknarspurningum sem leitast átti við að svara með rannsókn kirkjutóftarinnar var, hvort kom á undan, kirkja eða bær í Reykholti. Ef svarið reyndist vera kirkjan, mætti e.t.v. skýra tilkomu Reykhólts svo nálægt landnámsbænum þannig að kirkja hafi fyrst verið reist þar frá Breiðabólstað og síðan bærinn. Tímasetning ruslahaugsins til 9. eða 10. aldar bendir til þess að bærinn hafi komið á undan kirkjunni, en enn er óvíst hvenær kirkjan var reist. Það virðist þó ljóst að leita þurfi annarra skýringa á því af hverju kirkja var reist í Reykholti frekar en á Breiðabólstað.

Allnokkuð er til af ritheimildum sem veita upplýsingar um kirkjuna í Reykholti og hefur þeim lýsingum sem gefa vísbendingar um gerðir hennar á mismunandi tímum verið safnað saman í skýrslu⁹. Elsta eignaskrá sem veitir þannig upplýsingar er frá 1358. Fjöldi altarisklæða sem þar er nefndur þykir benda til þess að í kirkjunni hafi verið fleiri en eitt altari. Í eignaskráum frá 1392 og 1394 er talað um glerglugga í kirkjunni. Það er hins vegar fyrst í úttektunum sem nákvæmari lýsingar á kirkjunni er að finna. Sú elsta sem varðveist hefur er frá 1664.

1.1. Aðdragandi rannsóknar kirkjugrunnsins.

Fornleifarannsóknir á vegum Þjóðminjasafns Íslands hafa nú staðið yfir í Reykholti óslitið frá árinu 1998. Áður höfðu minni rannsóknir farið fram á staðnum, aðallega vegna byggingarframkvæmda ýmiss konar. Í rannsóknaráætlun sem gerð var árið 1997 um fornleifarannsóknir í Reykholti¹⁰ var, auk uppgrftar á bæjarstæðinu, gert ráð fyrir að kirkjustæði og kirkjugarður yrðu einnig rannsökuð sem sérstakur þáttur í heildarrannsókninni, enda skipa þau mikilvægan sess í búsetu á staðnum. Í því sambandi er m.a. áhugavert að komast að því hvenær fyrsta kirkjan var reist.

Fornleifarannsóknirnar urðu kveikjan að alþjóðlegu og þverfaglegu rannsóknarverkefni, Reykhóltsverkefninu svonefnda, sem hefur Snorra Sturluson og

⁷ Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001, bls. 20.

⁸ Hedges o.fl. 1993, bls. 317.

⁹ Guðrún Harðardóttir 2003.

¹⁰ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1997.

tímabil hans sem kjarna, en Snorri kom líklega í Reykholti árið 1206 og bjó þar af og til allt til 1241 þegar hann var veginn í Reykholti af útsendum Noregskonungs. Einn þáttur þessa verkefnis er rannsókn Reykhólts sem kirkjumiðstöðvar. Reykholt var einn hinna helstu *staða* Íslands í kirkjulegri merkingu þess orðs. Áformað er að kanna hver var tilgangurinn með hinum elstu og stærstu *stöðum*. Stafholt, sem Snorri hafði einnig yfirráð yfir og var mikilvægur *staður*, býður upp á samanburðarefni, og einnig verður samanburðar leitað í svipuðum stofnunum erlendis. Þetta efni var rætt á vinnufundi í Reykholti 3. október 2002 með þátttöku innlendra og erlendra fræðimanna. Upp úr honum hélt nemi í sagnfræði sem hafði skrifað BA ritgerð um Stafholt¹¹ til framhaldsnáms í þessu efni í Noregi. Annar nemi sem sótti fundinn og hafði skrifað BA ritgerð um kirkjumiðstöðina Reykholt¹² hefur nú hafið framhaldsnám við Háskóla Íslands og er rekstur Reykhólts á miðöldum ritgerðarefni hans.

Rannsókn kirkjugrunnsins í Reykholti er mikilvæg í þessu samhengi. Hann er einn af örfáum kirkjugrunnum sóknarkirkja sem eru aðgengilegir til rannsókna, en engin slík kirkja hefur verið rannsökuð á Íslandi. Slíkar kirkjur þjónuðu mikilvægu hlutverki, hver í sinni sveit og eru því stór þáttur í kirkjusögu landsins. Með rannsókninni er stefnt að því að bæta við þekkingu um það hvernig sóknarkirkjur litu út og þróuðust, miðað við aðrar tegundir kirkna á fyrri öldum.

Í anda Reykhóltsverkefnisins var ákveðið að stofna til þverfaglegar og alþjóðlegrar samvinnu um rannsókn kirkjunnar. Til samstarfs voru fengin þau dr Orri Vésteinsson við Fornleifastofnun Íslands, sem hefur rannsakað kirkjuminjar víða um land og sérhæft sig í kirkjusögu, Alf Tore Hommedal við NIKU í Björgvin, en hann er sérfræðingur í kirkjufræðingum, Guðrún Harðardóttir, sagnfræðingur á Þjóðminjasafni, sem hefur reynslu af því að lesa úr úttektum og öðrum ritheimildum hvernig hús hafa litið út, Hildur Gestsdóttir við Fornleifastofnun Íslands, sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á mannabeinum, og arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon sem hafa reynslu af því að setja fram í teikningum hvernig hús hafa litið út, byggt á ritheimildum og fornleifafræðilegum upplýsingum. Stefnt er að því að

¹¹ Sigríður Júlíusdóttir 2002.

¹² Benedikt Eypórsson 2002; 2003.


útbúa upplýsingarnar sem safnast um kirkjuna þannig að unnt verði að setja þær fram í þrívíðu formi. Samvinna um þetta verður höfð við Snorrastofu í Reykholti, en þar er nú unnið að því að miðla upplýsingum um fornminjarnar sem þar hafa fundist. Styrkur hefur nú tvívegis verið veittur úr Kristnihátíðarsjóði til rannsóknar kirkjunnar. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri uppgrافتar sumarið 2003. Rannsókn á kirkjugrunni í Reykholti er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns og Fornleifastofnunar og liður í víðtækara samstarfi stofnananna um fornleifarannsóknir.

2. Uppgröftur 2003 – aðferðir

Rannsóknin stóð yfir frá 26. maí til 20. júní. Að henni unnu fornleifafræðingarnir Angelos Parigoris, Eavan O'Dochartaigh, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Hildur Gestsdóttir Jane Hamill og Oscar Aldred, og nemarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson, en þau voru bæði namar í nýstofnuðu fornleifafræðinámi við Háskóla Íslands. Sumarið 2002 var gerð forkönnun í suðausturfjórðungi kirkjugrunnsins¹³. Á þeirri viku sem rannsóknin stóð yfir varð vart við það sem talið var vera fjögur aðgreind byggingarstig kirkjunnar, en kirkjan sem stóð síðast á þessum stað var byggð árið 1835. Niðurstöður bentu til þess að byggingin hafi ekki alltaf staðið nákvæmlega á sama stað. Leifar síðustu kirkjunnar voru vel varðveittar, en líklegt þótti að eldri kirkjur væru nokkuð skemmdar af gröfum sem komu í ljós inni í kirkjunni.

Svæði XII sem grafið var sumarið 2002 yfir suðausturhorni kirkjutóftarinnar, var 8m langt (austur-vestur) og 5m breitt. Það svæði var svo tengt við uppgröftinn á bæjarstæðinu með metersbreiðum skurði (XIII) sem lá í suður út frá suðvesturhorninu á svæði XII. Viðnámsmælingar sem gerðar voru í kirkjugarðinum árið 2001 voru nýttar til að ákveða hvar ætti að grafa árið 2003. Takmarkið var að opna svæði yfir allri kirkjutóftinni, og stækka svæði XII því til vesturs og norðurs. Hins vegar takmörkuðu seinnitíma grafir, og þá sérstaklega legsteinar og annar umbúnaður um grafir, hversu mikið hægt var að stækka svæðið. Langmest var um seinnitíma grafir við vesturenda kirkjutóftarinnar, og var sneitt fram hjá þeim. Þetta gerði það að verkum að ekki var hægt að rannsaka þann hluta kirkjunnar. Lengd svæðisins var frá 12,1 – 19,1m, en breidd þess

¹³ Guðrún Sveinbjarnardóttir & Orri Vésteinsson 2003.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði

9,4m. Skurður XIII var breikkaður og annar gerður samsíða honum en austar. Lengd beggja var þá orðin 9,1m austur – vestur, en skilinn var eftir 2,8m breiður bálkur á svæðinu miðju vegna seinni tíma grafar sem lá þar. Breidd svæðis XIII (norður – suður) var 8,0m. Uppgraftarsvæðið í Reykholtskirkjugarði sumarið 2003 var alls 153,1m² (sjá mynd 1). Þessi tvö svæði sem tengja kirkjutóftina við bæjarstæðisuppgröftinn eru í þessari skýrslu talin vera eitt uppgraftarsvæði, svæði XII. Allt torf og stærsti hluti yfirborðslags voru fjarlægð með lítilli gröfu (Bobcat), en eftir það var allt handgrafið. Rannsóknaraðferðir voru þær sömu og beitt hefur verið við uppgröftinn í Reykholti síðan 1998. Grafið var eftir jarðlögum í einum fleti eftir því sem unnt var, eftir hinni svonefndu Harris Matrix aðferð (*single context planning*). Einnig var stuðst við snið þar sem við átti. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti *context* eða eining) var gefið númer og var byrjað þar sem frá var horfið sumarið 2002, á einingu [2038]. Allar einingar voru teiknaðar og í sumum tilfellum ljósmyndaðar, bæði á litskyggjur og stafræna myndavél, og skráðar á sérstakt eyðublað.


Jarðlög, mannvirki, fundir og sýni voru mæld samkvæmt hnitakerfi sem sett var upp á uppgraftarsvæðinu við upphaf rannsóknarinnar. X-ásinn liggur til norðurs og hækkar í þá átt og Y-ásinn til austurs. Hnitakerfinu var skipt í 5 x 5m reiti fyrir teikningar til þess að auðvelda samsetningu þeirra við úrvinnslu. Notast var við einfaldan hæðarmæli til þess að mæla hæð yfir sjávarmáli, og gengið út frá þekktri hæð á legsteini Bjarna Þorsteinssonar við suðvesturhorn kirkjunnar sem byggð var 1886-87, en hún var 42.492 m y.s.

3. Niðurstöður uppgraftar

Markmið uppgraftarins í Reykholtskirkjugarði sumarið 2003 var að grafa fram alla kirkjuna sem byggð var 1835, eða þann hluta sem hægt var án þess að fjarlægja legsteina. Niðurstöðum úr rannsókninni var unnt að skipta í fimm bráðabirgðastig, en líklegt er að þau breytist eitthvað við frekari rannsóknir á kirkjunni og kirkjugarðinum.

3.1. Stig 1. Nútíma minjar; eftir um 1920.

Yfir öllu svæðinu sáust merki um þá sléttun og landslagsvinnu sem fór fram í kirkjugarðinum á áttunda áratug síðustu aldar. Yfirborðslagið [2039], torfblandað



Mynd 2. Stig 1

moldarlag, lá ofan í allar ójöfnur á svæðinu, sem benti til þess, að þegar kirkjugarðurinn var sléttaður, hafi nýr jarðvegur einnig verið fluttur inn á svæðið og nýttur til að fylla upp í dældir og ójöfnur. Þetta lag lá yfir hruni úr kirkjunni og yngstu gröfunum, flokkur

[2090], sem eru fjórar grafir í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins (sjá mynd 2). Þær eru allar frá fyrri hluta 20 aldar, og er sú syðsta, [2134], hugsanlega gröf Þórðar Sigurðssonar (d. 1920), en legsteinn hans var fluttur fyrir uppgröftinn 2002¹⁴. Staðsetning hans benti til þess að gröfin lægi í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins 2002, en það reyndist ekki rétt. Steinninn hefur því eitthvað flust til, líklega þegar kirkjugarðurinn var sléttaður á áttunda áratug síðustu aldar. Allar þessar grafir liggja innan veggja kirkjutóftarinnar, og er sú nyrsta [2100] tekin að hluta í gegnum norðurvegg kirkjunnar. Ein þessara grafa, [2099] var grafin upp að hluta til að staðfesta að um gröf væri að ræða, og til að fá snið í gegnum eldri mannvistarlög á svæðinu. Þessi gröf er rétt sunnan við gröf [2100], og liggur að hluta inn í austursnið svæðisins. Hún var 0,6m á breidd, og alls sáust 1,2m af lengd hennar. Komið var niður á viðarlíkkistu á um 1,1m dýpi. Ofan á henni lá beinagrind af ungabarni (sjá kafla 5.)


Þegar kirkjugarðurinn var sléttaður, var einnig hlaðinn upp nýr veggur [2059] umhverfis kirkjugarðinn. Þessi veggur lá að hluta í austur-vestur yfir suðurenda uppgraftarsvæðisins og sást greinilega áður en byrjað var að grafa, þá um 1,5m á breidd og 1,0m á hæð. Veggurinn var ekki eiginleg torfhleðsla, heldur hafði jarðvegi verið hrúgað upp og torfþökur lagðar yfir.

Þvert yfir suðurmörk uppgraftarsvæðisins lá 20. aldar hitaveiturör (austur-vestur), sem afmarkaði suðurmörk kirkjugarðsuppgraftarins og norðurmörk bæjarhólsuppgraftarins. Skurðurinn [2041] sem rörið lá í var um 0,5m á breidd, 0,4m á dýpt, og sá kafla sem grafinn var fram var 9m á lengd. Þessi lögn var löngu komin úr notkun þegar uppgröftur fór fram, en skurðurinn sem hún lá í skar því miður í sundur beint samhengi á milli kirkjugarðs- og bæjarhólsuppgraftanna.

3.2. Stig 2. Hrun kirkju; lok 19. aldar - 1920.

Undir yfirborðslaginu [2039] voru torfhrunlög úr kirkjunni, [2044] og [2068] = [2064]. Þetta voru blönduð torflög sem lágu yfir allri tóftinni og út fyrir vegg hennar. Þykkast var [2068] í miðri tóftinni, um 0,2 m. Nokkrar grafir og aðrar gryfjur voru skornar í gegnum þetta hrun úr kirkjunni. Í norðurenda svæðisins voru tvær gryfjur. Sú eystri,

¹⁴ Guðrún Sveinbjarnardóttir & Orri Vésteinnsson 2003.



- Grafir flokkur [205 1]
- Torfhúðellur
- Steinar
- Jardlög

Mynd 3. Stig 2




[2050] var 1,6 x 1,0 m og 0,3 m á dýpt. Neðst í vesturenda hennar lá koparhringur með lífrænum leifum á <016>. Hugsanlega var þetta krans (sjá kafla 4). Vestari gryfjan, [2055] var hringlaga, 1,0 m í þvermál, 0,2 m á dýpt, og hafði grjóti verið raðað meðfram austur- og norðurbrún hennar. Ekki er vitað hvert hlutverk þessara gryfja var, en hugsanlegt er að hér hafi staðið einhverskonar minnismarki sem síðar voru fjarlægð. Einnig er möguleiki að eystri gryfjan [2050] hafi verið gröf sem hætt var við að taka, vegna þess að hún endar við þykkt grjótlag, sem erfitt hefði verið að grafa í gegnum.

Á uppgraftarsvæðinu voru alls 22 grafir, flokkur [2051], skornar í gegnum torfhrun úr kirkjunni. Þær lágu umhverfis kirkjutóftina (sjá mynd 3), og eru allar teknar í gegnum yngstu torfhrunlög úr kirkjunni. Líklegast eru þær frá seinni hluta 19. aldar, jafnvel fram á fyrri hluta 20. aldar, en greinilegt er að tóft kirkjunnar hefur enn sést vel þegar grafirnar voru teknar. Þetta má marka af því að þó að sumar þeirra séu grafnar í gegnum torfveggi kirkjunnar (t.d. gröf [2089] í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins), eru engar þeirra inni í tóftinni sjálfri. Grafirnar eru allar fylltar með blandaðri mold, og í sumum tilfellum hefur grafarbakinn verið byggður upp að hluta með torfi, og torf lagt yfir gröfina (t.d. gröf [2070]). Þetta er þekktur frágangur á gröfum, og er ennþá notaður í Reykholtskirkjugarði. Ein þessara grafa, [2089] var grafin upp að hluta til að staðfesta að um gröf væri að ræða, og til að fá snið í gegnum eldri mannvistarlög á svæðinu. Hún var 0,9 x 1,9 m og komið var niður á viðarkistu á 1,3 m dýpt.

Í suðausturenda uppgraftarsvæðisins kom í ljós gufulögn, sem mun hafa verið lögð rétt um aldamótin 1900 og leiddi gufu úr hvernum Skriflu inn í gamla torfbæinn. Lögnin sjálf var úr járn, og var í skurði [2076] sem lá austur-vestur, og var 0,6 m á breidd og 0,5 m djúpur. Alls voru 3,3 m af lengd skurðarins grafnir upp. Umhverfis lögnina hafði verið raðað grjóti [2077].

3.3. Stig 3. Eftir að hætt var að nota kirkjuna; eftir 1886

Hrunlagið úr kirkjunni, [2068] = [2064], lá yfir fjórum gröfum, sem eru auðkenndar sem flokkur [2129], sunnan við kirkjutóftina, en þær skáru að hluta suðurvegg kirkjunnar og yngsta hrúnið úr henni. Þær eru þá frá síðari hluta 19. aldar, eftir að kirkjan fór úr notkun (sjá mynd 4.).



- Grafir fobikkur [2129]
- Torfhlöðslur
- Steinar
- Jandiög



Mynd 4. Stig 3


3.4. Stig 4. Kirkjan 1835-1886

Eins og fram hefur komið var ekki hægt að rannsaka vesturenda kirkjunnar vegna seinnitíma grafa. Hinsvegar var allur austurendinn og stór hluti langveggjanna grafinn fram (sjá mynd 5). Lengd þess hluta sem hægt var að rannsaka var 10,9 m sunnanmegin, 9,1m norðanmegin, og breidd kirkjunnar 4,7 m Þetta eru allt innanmál. Langveggirnir voru báðir torf- og steinhlaðnir [2139] og höfðu báðir innri steinaröð [2133]. Yfir þeirri nyrðri lá 0,3 m breiður rauðbrúnn torfstrengur, um 0,1 m á þykkt [2095]. Engin strengjahleðsla lá yfir steinunum sunnanmegin, en þeim vegg hafði verið meira raskað af seinni tíma framkvæmdum og því hugsanlegt að hún hafi verið fjarlægð. Ytri brún langveggjanna var rauðbrúnn torfveggur, líklegast klömbruhleðsla. Báðir voru 1,3 m á þykkt, og um 0,3 m á hæð. Á milli ytri torfveggjanna og innri steinaraðanna var ljósbrún torfblönduð moldarfylling, 0,5 m á þykkt. Um 1,5 m frá suðausturhorni kirkjunnar virtist vera 0,9 m breitt op í suðurveggnum sem fyllt hefur verið upp í með mun minna grjóti en annars staðar var að finna í innri veggjabrúninni. Steinar marka þetta op, en þeim hefur verið hlaðið þvert á vegginn. Ekki er vitað hvaða tilgangi opið hefur þjónað, en það virðist hafa verið fyllt upp í það með torfi. Frekari athugun á veggjum kirkjunnar sumarið 2004 ætti að varpa ljósi á þetta og hvaða skeiði kirkjunnar það tilheyrir.

Ekkert torf var við austurgaflinn. Þar var tvöföld steinaröð, sú innri, [2097] = [2136], sem er tvær steinaraðir á hæð og hefur þjónað sem undirstaða undir kórþilið, og [2133], sú ytri. Báðar voru hlaðnar úr steinum allt að 0,8 m í þvermál. Á milli þessara steinaraða voru tvær uppfyllingar: [2105], 0,6 m þykkt torflag sem lá yfir [2108], sem er 0,01 m þykkt dökkrauðbrúnt torfblandað lag með viðarleifum, sem lá einungis í suðurenda veggjarins. Það lá svo yfir [2112], 0,1 m þykku torfblönduðu lagi með miklu af grjóti í. Svipað lag [2124], um 0,2-0,6 m breitt, lá meðfram langveggjunum, og virðist því tengjast byggingu kirkjunnar á einhvern hátt.

3.4.1. Stig 4a. Yngra gólf kirkju

Gólf kirkjunnar voru mynduð af nokkrum torflögum sem greinilega afmarka að minnsta kosti tvö byggingarstig. Nokkur torflög mynda yngra stig gólfsins. Það efsta [2096] var



- Grefir flokkur [2131]
- Torfheðstur
- Steinar
- Jandiög



Mynd 5. Stig 4a

grænleitt torf sem náði yfir alla kirkjuna en var mjög þunnt sumstaðar. Þetta lag var þykkast í miðjunni, allt að 0,16 m þykkt. Næst kom [2106], dökkrautt fíngert torflag með nokkru grjóti í, allt að 0,2 m á þykkt, sem lá aðeins á um 2 m breiðu svæði innan í kirkjunni í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins. Það lá ofan á [2111], sem er dökkrautt hart torflag, allt að 0,2 m á þykkt. Tvær grafir eru inni í kirkjunni sem voru teknar á meðan kirkjan stóð enn, flokkur [2131]. Önnur er við miðjan norðurvegg kirkjunnar, hin [2091] er við suðurvegg kirkjunnar, í vesturenda uppgraftarsvæðisins (sjá mynd 5). Hún var 0,7 x 2,1m að stærð og komið var niður á líkkistu á 0,7m dýpi.

3.4.2. Stig 4b. Eldra gólf kirkju

Austanmegin í kirkjunni, undir torflögunum, var steinlagt gólf [2128]. Það náði 6,4 m í vestur frá austurgafli kirkjunnar, og var lögnin á því mjög óregluleg. Stærð steinanna var frá 0,3 m á lengd niður í smásteina, 0,04 m í þvermál. Yfirborð lagnarinnar var óslétt, sem bendir til þess að hér sé um einhverskonar undirstöðu að ræða, en ekki eiginlegt steinlagt gólf. Austan við steinlögnina [2128], á sama yfirborði, var rauðleitt, blandað torflag [2122]. Hvorugt þessara laga var fjarlæggt.

Inni í kirkjunni voru þrjár grafir, flokkur [2135]. Tvær þessara grafa, [2117] og [2118], lágu inni í miðri kirkjunni, en sú þriðja [2123] var í norðausturhorni kirkjunnar (sjá mynd 6). Hún var grafin upp að hluta og var 1,1 x 2,3 m að stærð. Í henni var líkkista, á um 0,7 m dýpi.

Svo virðist sem þessi torf- og steinalög (stig 4a og 4b) hafi myndað undirstöðu undir timburgólf sem hvílt hefur á bitum sem lágu á milli stórra steina [2137], allt að 0,7 x 0,5m í þvermál, sem liggja meðfram langveggjunum með að meðaltali 1,1 m millibili, og marka væntanlega stafgólf kirkjunnar. Á tveimur stöðum, við miðja suður- og norðurhlið, vantar steina, líklegast vegna seinni tíma framkvæmda.

Í suðausturhorni uppgraftarsvæðisins, utan við kirkjuna, var einnig komið niður á allt að fimm grafir, sem eru samtíma 1835 kirkjunni eða eldri.



- Grafrir
- Torfheðslur
- Steinar
- Jarðvög

0 m 5 m

Mynd 6. Stig 4b

3.5. Stig 5. Fyrir 1835.

Í sniðum þeirra grafa sem opnaðar voru að hluta voru greinileg merki eldri mannvistarleifa á staðnum. Einnig er möguleiki að steinaraðir utan við norður og austur torfveggi séu leifar eldri veggja á staðnum. Nú þegar hefur hluti þessara eldri minja verið grafinn upp. Gröfin [2001], sem grafin var fram sumarið 2002, er greinilega eldri en 1835 kirkjan, en á líkkistunni sem í henni var er skjöldur þar sem fram kemur að þar var Þorleifur Bjarnason prófastur grafinn árið 1783¹⁵. Hugsanlegt er að grafirnar tvær sem liggja sitt hvoru megin við hana séu frá sama tíma.

4. Gripir

Skráð fundanúmer voru alls 203 (sjá fundaskrá), en undir sumum þeirra er að finna fleiri en einn grip. Helstu efnisflokkar eru gler (51 númer skráð), járn (55 númer skráð), kopar



Mynd 7. Sörvistala <140>



Mynd 8. Sörvisölur efri <147>, neðri <091>

¹⁵ Guðrún Sveinbjarnardóttir & Orri Vésteinsson, 2003.

(24 númer skráð), leir (21 númer skráð) og viður (15 númer skráð). Nokkuð magn fannst af nýlegu rúðugleri, leirtausbrotum og nöglum í uppfyllingunni [2039].



Mynd 9. Horn af bókarspjaldi <121>



Mynd 10. Bókarspensl <149>

Mikið af rúðuglerinu var nýlegt að sjá, en þar voru einnig nokkur brot sem hafa grænleita slikju og bólur, <030> fannst í torfi [2068] sem haldi kirkjutóft, <093> í fyllingu [2105] milli steina í innri hleðsluröð [2097] í austurgafli kirkjunnar, og <179>, <181> og <183> í slitróttu torflagi [2111] neðarlega í gólfi kirkjunnar. Nokkuð fannst af gleri úr flöskum; <123> sem er stútur með útflattri, láréttri brún, af meðalaglasí úr grænleitu gleri með bólum, fannst í torflagi [2111]; <022> og <106> sem hafa áletrun á botni fundust í uppfyllingarlægum [2039] og [2058]; <098> sem fannst í fyllingarlagi [2112] og <145> í fyllingarlagi grafar [2099] hafa ferhyrndan botn. Hugsanlega má aldursgreina þessar flöskur stílfraðilega og af áletrunum. Í sama fyllingarlagi fannst einnig lítil, glær sörvistala <140> úr gleri (sjá mynd 7).

Tvær aðrar sörvistölur fundust: <147> í torflagi [2111] og <091> í fyllingu [2105] við austurpil kirkjunnar (sjá mynd 8). Þær eru eins en misstórar, hnöttóttar, flatar með gati í gegnum flötu hliðina, gerðar úr tálgukoli með skornu skrauti. Sams konar tala fannst inni í kirkjutóftinni við uppgröft árið 2002 (RKH-2002-25-142).

Meðal merkari gripa úr uppgreftinum sumarið 2003 eru koparhlutir ýmiss konar. Ber þar fyrst að nefna horn af bókarspjaldi, <121> sem fannst í torflagi [2111], og bókarspensl, <149> sem fannst í sama lagi (sjá myndir 9 og 10). Á horninu, sem er brotið, er upphleypt bóla og fíngert rist og upphleypt skraut. Hvað stærð og skrauti viðkemur svipar grip þessum mjög til bókarhorna sem til eru í Þjóðminjasafni (Þjms. 1745) og talin eru hafa tilheyrt Guðbrandsbiblíu. Með þeim er bókarspensl sem á stendur ártalið 1623, en því svipar einmitt mjög til spenslis <149>, sem er brotið, en hefur verið

119 mm langt, hefur rist, geometrískt skraut ofaná, lykkju í annan endann og er fest á leðurbót. Það líkist bókarspensli sem fannst við uppgröftinn 2002 (RKH-2002-25-135). Sams konar horn og spensl eru á Guðbrandsbiblíu sem til er í Þjóðminjasafni (Þjms. 1902) en hún var prentuð árið 1584.



Mynd 11. Bókarspensl efra <144>, neðra <071>



Mynd 12. Hnappur <127>

Fleiri bókarspensl fundust við uppgröftinn: <071> fannst í fyllingarlagi [2098], sem er e.t.v. í gröf. Það er grannt, með fíngerðu skrauti, fest við ferhyrnda leðurbót (sjá mynd 11). Svipuð spensl fundust við uppgröft í Skálholti, t.d. S184 sem talið er vera frá 17. eða 18. öld¹⁶. <144> og <168> fundust í torflagi [2111]. <144> er stutt og grönn þynna með geometrísku skrauti ristun ofaná, sem er fest á ferhyrnda leðurbót sem á er negld koparþynna til styrktar (sjá mynd 11). <168> er frábrugðið hinum, mun fíngerðara, með 2 götum og 2 lykkjum. Það líkist gripum sem til eru í Þjóðminjasafni Íslands, t.d. Þjms. 8917 og 8933.

Í fyllingu [2118] í gröf [2001] fannst hnappur úr kopar <127> (sjá mynd 12). Hann er kúlulaga, með skornu skrauti og stórra lykkju. Sams konar hnappur, þó úr tinblönduðu silfri, fannst við uppgröft í Skálholti¹⁷.

Tvær koparþynnur, vafðar í hólka, <048> sem fannst í torflagi [2068] og <136> í fyllingarlagi [2120] (sjá mynd 13) eru líklega kertapípur. Vax fannst innan í <048>. Samskonar, en úr járnri fundust í Skálholti¹⁸. Svona kertapípur hafa verið í notkun allt frá því á Víkingaöld. Koparþynnur vafðar þéttar saman, <076> sem fannst í grafarfyllingu

¹⁶ Kristján Eldjárn o.fl. 1988, bls. 72.

¹⁷ Kristján Eldjárn o.fl. 1988, S260, bls. 78 og mynd 35.

¹⁸ Kristján Eldjárn o.fl. 1988, t.d. S349, bls. 90 og mynd 47.

[2100] og <112> í fyllingu [2117] eru hins vegar pípunaglar sem hafa líklega verið reknir í líkkistur.

Í torflagi [2068] fundust brot úr reykjarpípu úr postulíni, <033> og <039>. Þetta hefur verið stór pípa og framan á henni er upphleypt mynd af Kristjáni 9. (sjá mynd 14.), en hann var Danakonungur frá 1863 þar til hann andaðist árið 1906. Svona pípur voru framleiddar við sérstök tækifæri. Einnig fundust nokkur brot úr krítarpípum í uppgreftinum, bæði leggir og brot úr kóngum. Krítarpípur voru fyrst notaðar á Íslandi á 17. öld.



Mynd 13. Kertarpípur efri <048>, neðri <136>



Mynd 14. Reykjarpípa <033>

Leirkerabrot þau sem fundust voru öll af nýlegum gerðum. Nokkur brýnisbrot fundust, m.a. þrjú úr flögubergi, <113>, <129> og <165>. Meðal viðargripa voru nokkrir sem greinilega voru tilsneiddir, helst stautar og pinnar einhvers konar. Þeir, ásamt fjölda járnagla sem fundust hafa vafalaust tilheyrt kistum hinna látnu í kirkjugarðinum.

4.1. Samantekt um gripi

Mest magn og merkustu gripirnir úr uppgreftinum sumarið 2003 fundust í neðsta torflaginu [2111] sem lá beint ofan á steinlögninni í gólfinu í austurenda kirkjunnar. Hún

er talin vera undirstaða undir timburgólf sem nefnt er í úttektum. Nokkrir þessara gripa tengjast bókum. Ber þar hæst horn af bókarspjaldi <121> og bókarspensl <149> sem hafa líklega tilheyrt Guðbrandsbiblíu. Sams konar gripir, tímasettir til 16. og 17. aldar, eru til í Þjóðminjasafni. Fleiri bókarspensl fundust í þessu lagi og auk þess stútur af gamalli meðalaflösku, glerbrot með bólum úr rúðum og ílátum, sörvistala úr tálgusteini, krítarpípubrot, brot úr þrífættum rauðleirspotti, steinleirsílati og *faience* disk, hnappur með skrufgangi, líklega úr tini, samanbrotinn vasahnífur, flögubergsbrýni, heil skeifa og tréstaugar og pinnar. Erfitt er að tímasetja þessa gripa nákvæmlega, en líklega eru þeir vart eldri en frá 18. öld. Þeir gætu því hafa tilheyrt kirkjunni sem byggð var 1788. Frekari rannsókn kirkjugrunnsins ætti að leiða þetta í ljós.

Athyglisverðir gripir sem fundust í yngstu uppfyllingarlögum eru tvær kertapípur úr kopar og brot úr reykjarpípu úr postulíni með mynd af Kristjáni Danakonungi 9. framan á, en hún mun vera frá 19. öld.

5. Mannabein

Ein beinagrind (RKH-002) var grafin upp í Reykholti sumarið 2003, beinagrind úr ungbarni, sem lagt hafði verið ofan á vesturenda kistuloks í gröf [2099].

5.1. Aðferðafræði

Staðlaðar beinafræðilegar aðferðir voru notaðar til að greina kyn og lífaldur. Kyn var ákvarðað út frá neðri kjálka¹⁹ og mjaðmabeini.²⁰ Sameining kasta og annarra beina²¹ og tennur²² voru notuð til að greina lífaldur.

5.2. Niðurstöður

Varðveisla beinagrindar RKH-002 var einstaklega góð (+90%), flest bein voru til staðar, þó að eitthvað væri um skemmdir, hausnúpan var brotin og endar leggjabeina höfðu allir flagnað.

¹⁹ Molleson *et al.* 1998.

²⁰ Schutkowski 1993.

²¹ sjá t.d. Schwartz 1995.

²² Ubelaker 1989.

Það skal bent á að kyngreining á börnum er alls ekki örugg, og í besta falli er um 78% líkur á að kyn barna sé greint rétt²³. Einnig hefur í þessu tilfelli einungis hluti þeirra beina sem bera kyngreinandi einkenni varðveist. Niðurstöður rannsóknarinnar benda hins vegar til að líklegast hafi RKH-002 verið karlkyns (?). Lífaldursgreining bendir til þess að einstaklingurinn hafi verið á aldrinum eins til tveggja ára, þó líklegra nær eins árs aldrinum.

Niðurstöður meinafræðirannsóknar sýndu nýja beinmyndun og gljúpleika umhverfis bæði sporgöt á fleygbeini; í báðum augnatóttarhlutum, sérstaklega í tákirtilsgrófinni og á miðlæga- og aftari hluta beggja sköflunga. Hugsanleg greining á þessum breytingum er skyrbjúgur (eða C vítamín skortur)²⁴, en þó er einnig möguleiki á að óskilgreind sýking hafi valdið þessum breytingum.²⁵

6. Niðurstöður – frekari rannsóknir

Sumarið 2003 voru leifar þeirrar Reykholtskirkju sem byggð var árið 1835 grafnar fram. Sú kirkja var 4,7m breið að innanmáli, og sú lengd sem reyndist unnt að grafa fram var 10,9m. Í vísitasíunni segir að þessi kirkja hafi verið 9 stafgólf, eða nálega 17 álnir á lengd og 6 ¾ álnir á breidd innan þilja. Ef miðað er við íslenskar/hamborgarálnir (0,573m) eru málin 9,7 x 3,9m, ef miðað er við danskar álnir (0,6277m) eru þau 10,7 x 4,2m²⁶. Seinni viðmiðunin passar betur við málin á því sem grafið var fram. Munurinn felst þá væntanlega í því hvaðan er mælt, þ.e. í bilinu sem hefur verið á milli þils og steinveggjar. Þessi mál gefa einnig til kynna að uppgröfturinn nái svo til út í vesturgafli kirkjunnar þar sem hann nær lengst til vesturs. Langveggirnir voru torfhlaðnir með innri steinahleðslu eða undirstöðu og voru 1,3 m þykkir. Kórveggurinn var tvöfalt timburpil, en ekki virðist hafa verið neinn torfveggur samtíma því. Einnig hefur verið timburgólf í kirkjunni sem hefur hvílt á burðarbitum sem lágu á steinundirstöðum sem sátu meðfram langveggjunum. Undir timburgólfinu voru torf- og steinlagðar undirstöður. Niðurstöður

²³ Molleson *et al.*, 1998.

²⁴ Ortner *et al.* 1999

²⁵ Roberts & Manchester 1995.

²⁶ Guðrún Harðardóttir 2003.

fornleifarannsóknarinnar um gerð þessarar kirkju koma heim og saman við lýsingu á henni sem til er í vísitasíum.

Alls fannst 41 gröf á uppgraftarsvæðinu. Af þeim voru 30 frá því eftir að kirkjan sem byggð var 1835 fór úr notkun árið 1886, 10 voru teknar á þeim tíma þegar kirkjan stóð enn eða eldri en hún. Fjórar þessara grafa voru grafnar upp að hluta til að staðfesta að um grafir væri að ræða, og reyndust þær allar hafa líkkistur úr timbri. Í einni gröfinni fannst beinagrind af ungabarni ofan á fótarenda kistunnar.

Niðurstöður úr rannsókninni sumarið 2003 voru mjög áhugaverðar. Það reyndust vera mun fleiri grafir á svæðinu en merki sáust um á yfirborði, og þá sérstaklega grafir inni í kirkjunni sem voru teknar á meðan hún stóð enn. Markmið rannsóknarinnar í Reykholti sumarið 2004 verður því tvíþætt. Fyrst verða þær grafir sem eru inni í kirkjunni og voru teknar á meðan hún stóð enn grafnar upp. Líklegast er að þar sé helst grafið heldra fólk, og að hægt verði í sumum tilfellum að bera kennsl á þá sem grafnir eru, annaðhvort með aðstoð ritaðra heimilda, eða eins og nú þegar hefur sést, að kisturnar beri nafn þeirra sem þar eru grafnir. Þetta býður upp á áhugaverða rannsóknarmöguleika þar sem hægt verður að bera saman beinarannsóknir og ritaðar heimildir.

Einnig er stefnt að því að ljúka uppgreftri á 1835 kirkjunni. Þá verða byggingarleifar hennar grafnar upp, til að kanna varðveislu á eldri kirkjum á svæðinu, sem þegar hafa sést í sniðum í þeim gröfum sem grafnar voru upp að hluta, bæði sumarið 2002 og 2003.

Heimildir/Bibliography

Benedikt Eyþórsson 2002. *Kirkjumiðstöðin Reykholt*. (BA ritgerð í sagnfræði við HÍ).

Benedikt Eyþórsson 2003. Í þjónustu Snorra. Staðurinn í Reykholti og klerkar þar í tíð Snorra Sturlusonar. *Sagnir. Tímarit um söguleg efni*. 23. árgangur, bls. 20-26.

